

Nd.

92. Frumvarp

til laga um endurreisn Hólabiskupsdæmis hins forna og um tvo vigslubiskupa á Íslandi.

Frá Jóni Þorkelssyni.

1. gr.

Verði ríki og kirkja á Íslandi framvegis sem hingað til í sameiningu hvort við annað, skal, þegar næst verða biskupaskifti hér á landi, endurreist Hólabiskupsdæmi hið forna með sömu endimörkum og það hafði áður. Skal yfir því vera sérstakur biskup með 4000 kr. árslaunum, er greiðast úr ríkissjóði Íslands, og skal hann nefnast Hólabiskup og biskupsdæmið Hólabiskupsdæmi. Fer um skipan þess embættis eftir því, sem þá ganga lög í landi.

2. gr.

Upp frá því að breyting sú kemst á, sem fyrir er mælt í 1. gr., skal biskupsdæmi það, er nær yfir Austfirðingafjórðung, Sunnlendingafjórðung og Vestfirðingafjórðung, nefnast Skálholtsbiskupsdæmi og biskup sá Skálholtsbiskup, sem yfir það er skipaður. Skulu því embætti þá fylgja hin sömu laun, sem biskup landsins hefir nú.

3. gr.

Þangað til fyrirkomulag það kemst á, sem getur um í 1. og 2. gr., skulu auk biskups landsins, vera tveir officiales, er nefnast vigslubiskupar, annar í Skálholtsbiskupsdæmi, en hinn í Hólabiskupsdæmi. Þeir skulu kosnir af klerkum hvors biskupsdæmis og staðfestir biskup landsins kosninguna. Skulu þeir hafa biskupsvigslu, og vigir annar þeirra biskup þann, er nú næst kemur, ef svo stendur á, að fráfarandi biskup getur af einhverjum ástæðum ekki gert það. Nú verður ágreiningur um það hvor vigslubiskupa skuli biskup vigja, og skal þá framar ganga vigslubiskup Skálholtsbiskupsdæmis. Vigslubiskupar vigja og presta í forföllum biskups, hvor í sinu umdæmi. Til vigslukostnaðar, þegar þeir vigjast, skulu þeim hvorum fyrir sig greiðast 500 kr. úr ríkissjóði Íslands. Að öðru leyti hafa þeir engin föst laun, en borga skal þeim úr ríkissjóði landsins. eftir reikningi fyrir embættisverk þau, er þeir inna af höndum í forföllum biskups.

Fylgiskjal 1.

Vitnisburður frá 25. Júlí 1641 um takmörk Skálholts og Hólabiskupsdæmis að austan.

[Eftir skjalabók Skálholtsstóls í safni Árna Magnússonar 258. 4to, skrifaðri 1643 fyrir Brynjólf biskup].

Vitnisburður upp á stíktamótið að austan og norðan.

Svofeldan vitnisburð bera þessir sóknarmenn Skeggjastadaðakirkju, aðspurðir opinberlega, hver deili þeir vissu á endimörkum Skálholtsstíktis á móts við Hólastíkti norðan að Lánganesi og Skeggjastadasókn, móts við Sandanes að norðan, Jón Magnússon, Þorkell Þórðarson, Jón Gunnsteinsson, Sigurður Gunnsteinsson, Árni Oddsson, að aldri hefðu þeir annað heyrt né vitað en Skálholtsstíkti nái tvímælalaust norður yfir Sköruvík í kamb þann, er menn hyggja nefnist Launguhlíðarkambur, og eigi viti þeir né heyrt hafi þar í mót mælt fyrir né síðar. En um Skeggjastadasókn segjast þeir heyrt hafa, að Sköruvík og þeir aðrir bæir fyrir utan Gunnólfsvíkurfjall, sem nú er ágreiningur um, hafi undir Skeggjastadaðakirkju legið alt fram til þess þeir lögðust frá í tíð síra Stulla heitins Finnboga-

sonar. En hvort það hafi skeð með nokk(ur)ri skikkun eðnr befallingu, segjast þeir ekki vita. Og þennan sinn vitnisburð handsöluðu þeir biskupinum meistara Brynjólfi Sveinssyni, viljandi þar á frekari staðfestu gera, ef þurfa þykir. Og til sanninda hér um settum vér undirskrifaðir menn, er vitnisburðinn heyrðum og handsölin saúm, vor nöfn með eigin hendi. Skrifað á Skeggjastöðnm á Ströndum 1641, 25. Julij.

Pétur Gizursson e. h.

Hallur Árnason
m. e. h.

Magnús Guðmundsson
e. h.

Fylgiskjal 2.

Dómur frá 10. Agust 1641 um takmörk Skálholts og Hólabiskupsdæmis að austan.

Eptir skjalabók Skálholtsstóls í safni Árna Magnússonar 258. 4to, skrifaðri 1643 fyrir Brynjólf biskup].

Inntak af dómsgrein, er dæmd var að Vallanesi anno 1641 10. Augusti, af síra Ólafi Einarssyni prófasti í Múlasýslu og fjórtán prestum um Skálholtsstíkti, hvað langt nái norður á Lánganesi, og bæina fyrir utan Gunnólfsvíkurfjall.

Bar biskupinn fram vegna síra Marteins Jónssonar, hvort að þær jarðir á Lánganesi fyrir utan Gunnólfsvíkurfjall, milli þess sama takmarks og Sköruvíkur inclusive sex að tölu, virtist eigi fylgja Skálholtsstíkti heldur en Hóla. Kom fram fyrir oss útskrifaður dómur með undirskriptum, þar dæmdur er tollur af öllum bæjum undir Skeggjastaðarkirkju milli Stapaár og Sköruvíkur prestinum á Skeggjastöðum til fæðis, datum Ásbrandsstöðum 1587. Í annan máta bar biskupinn fram sóknarmanna vitnisburð á Skeggjastöðum, að aldrei hafi þeir annað heyrð né vitað en Skálholtsstíkti nái tvímælislaust norður yfir Sköruvík í kamb þann, er menn hyggja nefnist Launguhlíðarkambur. Og ei vita þeir né heyrð hafa þar í móti mælt fyrr né síðar. Frmavegis aðspurði biskupinn oss alla saman opinberlega, hvort vér vissum annað að bera í þessu efni en greint takmark fylgi og fylgt hafi Skálholtsstíkti, hvað hið sama og einninn vitnaði Páll Björnsson og það framur, að hann hefði skatta og biskupstíund meðtekið í sama takmarki, skattinn þá hann hafði umboð í Múlaþingi, en tíundina þá hann hafði umboð nærveranda biskups frá Skálholti. Einninn meðkendum vér aðspurðir af biskupinum, að þetta pláz fylgi og hafi átölulaust fylgt Múlasýslu. Vorum vér til samans fjórtán prestar og prófasturinn fimtándi, er þetta meðkendumst og auglýstum. Item kom fram bréf biskupsins skrifað á Skeggjastöðum 25. Julij, er hann skrifar til síra Jóns Bessasonar á Sauðanesi, hvar inni hann óskar síra Jón Bessason vilji til Vallaness leggja þau skjöl og rök, sem hann þykist hafa fyrir þessum jörðum. Óskaði biskupinn nú eira Jóns Bessasonar eður hans umboðsmanns, sem hans vegna færði skjöl og bívísingar í greindu máli, hver að auglýstu þann myndugleika, sem hann hefir til að þjóna þessum jörðum. Óskaði biskupinn af oss endilegs álits, hvort greindar sex jarðir skyldu eptir þessu öllu ekki haldast, vera og verið hafa undir Skálholtsstíkti, og þar fyrir undir umsjón og ráðstöfun Skálholtsbiskups það biskuplegu embætti viðvíkur, með því hann vænist kongl. Majests veitingarbréfi til að annast, umsjá og að sér taka dómkirkjuna í Skálholti og Skálholtsstíkti og því forsjón veita, svo sem biskupi hæfir, og nefndi til dómara í þessu máli síra Ólaf Einarsson héraðsprófastinn, en stóð sjálfur upp úr dómsæti. Síðan yfirskoðaði prófasturinn með oss öllum alla þá málspúnkta, sem biskupinn hafði fram fyrir oss lagt og hér fyrir skrifaðir standa. Og með því þetta alt efni var opið og ljóst, þá er þetta vort ljóst og einfalt andsvar til þessarar framsettrar spurningar, að vér vitum, höldum og ályktum áðursagðar sex jarðir Skála, Sköruvík et cetera liggja og legið hafa í Skálholtsstíkti og undir Skeggjastaða kirkjusókn, og beri þess vegna biskupinum M. Brynjólfi Sveinssyni öll þau embættis yfirráð yfir greindum jörðum sem yfir öðrum þörtum Skálholtsbiskupsdæmis.

Ólafur Einarsson.
Einar Þorvarðsson.
Vigfús Árnason.
Eirekur Ólafsson.
Sugurður Magnússon.
Hávarður Sigurðsson.
Einar Jónsson.
Guðmundur Ketilsson.

Eirekur Ketilsson.
Gizur Gíslason.
Eirekur Bjarnason.
Rögvaldur Ormsson.
Snjólfur Bjarnason.
Guðmundur Jónsson.
Þorvarður Árnason.